

## MINNISBLAÐ

**Dags: 22. júní 2017**

**Viðtakandi: Forsætisráðherra, Bjarni Benediktsson**

**Sendandi: Bandalag háskólamanna (BHM)**

**Efni: Staðan á vinnumarkaði í aðdraganda kjaraviðræðna BHM við ríkið**

### Forsaga

Í kjölfar setningar laga nr. 31/2015 um kjaramál tiltekinna stéttarfélaganna innan BHM var sérstökum gerðardómi falið að ákvarða um kaup og kjör félagsmanna um leið og bundinn var endi á verkfallsaðgerðir 18 aðildarfélaganna BHM. Ákvarðanir gerðardóms eru bindandi sem kjarasamningur á milli þessara félaganna og ríkisins þann tíma sem gerðardómurinn kvað á um en hann gildir samkvæmt efni sínu til 31. ágúst nk. Þá verða lausir kjarasamningar 17<sup>1</sup> aðildarfélaganna BHM við ríkið.

Aðdraganda kjaraviðræðna veturinn 2015 má rekja aftur til ársins 2008 en þá fengu aðildarfélag BHM síðast tækifæri til að ræða og semja um sérkröfur sínar við samninganefnd ríkisins (SNR). Kjaraviðræðum við ríkið veturinn 2013-14 lauk með því að aðildarfélag BHM gerðu svokallaðan *vopnahléssamning* við SNR og gengu að 2,8% launahækkun 28. maí 2014. Gildistími samningsins var frá 1. febrúar 2014 til 28. febrúar 2015. Við undirritun samninganna og kynningu þeirra gagnvart félagsmönnum var það alveg skýrt af hálfu BHM að leiðrétta þyrfti að laun háskólamenntaðra starfsmanna ríkisins og taka tillit til sérkrafna félaganna af fullri alvöru í næstu kjarasamningaviðræðum. Kjarasamningur SNR við Læknafélagið í ársbyrjun 2015 gaf góð fyrirheit um að svo yrði.

### Staðan sumarið 2017


BHM hefur skoðað nýjustu tölur frá Hagstofu Íslands um ávinning af háskólamenntun meðal Evrópuríkjanna. Þar sést að hlutfall ráðstöfunartekna þeirra sem aðeins hafa grunnskólamenntun af ráðstöfunartekjum þeirra sem hafa háskólamenntun er hæst á Íslandi. Það þýðir að ávinningur af háskólamenntun er minnstur í Evrópu hér á landi, sbr. töflu hér að neðan. Greining BHM á launagögnum félagsmanna hjá ríkinu sýnir einnig að meðaltal dagvinnulauna hjá 19 stofnunum er undir 500.000 krónum á mánuði. Á þessum lista eru stofnanir í heilbrigðis- og menntunargeiranum áberandi, m.a. Landspítalinn með rúmlega 630

---

<sup>1</sup> Um er að ræða 17 aðildarfélag BHM þar sem Stéttarfélag háskólamanna á matvæla- og næringarsviði (SHMN) gekk inn í Félag íslenskra náttúrufræðinga (FÍN) um áramótin.

félagsmenn aðildarfélaga BHM. Einn stærsti vinnustaður landsins er í slæmri stöðu og taka þarf sérstaklega á launasetningu innan þjóðarsjúkrahússins.

**Ráðstöfunartekjur fólks með grunnmenntun sem hlutfall af tekjum fólks með háskólamenntun (PPS), 2015**




Mynd 1 - Gögn frá Hagstofu Íslands / Eurostat. Nýjustu gögn eru frá 2015

Í kjölfar úrskurðar gerðardóms gerðu ríki, sveitarfélög, ASÍ og BSRB með sér rammksamkomulag um launaþróun til ársloka 2018. Í því samkomulagi var byggt á niðurstöðu gerðardóms en ekkert tillit til tekið til þeirrar málefnalegu kröfu BHM að háskólamenntun skuli metin til launa. Þá var úrlausn lífeyrismálsins, þ.e. hvernig jafna skyldi lífeyrisréttindi á milli almenna og opinbera markaðarins, gerð að skilyrði fyrir því að launaskriðsákvæði rammksamkomulagsins gæti tekið gildi. BHM er ekki aðili að þessu samkomulagi enda taldi bandalagið lífeyrismál opinberra starfsmanna eiga heima á öðru borði. Að auki var frá upphafi gerð athugasemd við að vísitala launaþróunar skyldi miðuð við nóvember 2013. Línuritið hér að neðan sýnir glögg tæður þess.

Í úrskurðum kjararáðs frá nóvember 2015 og júní 2016 er vísað beint í úrskurð gerðardóms hvað varðar almennar launahækkningar og menntunarákvæðið. Þar er reyndar farin sú leið að úthluta 1,65% hækkun samkvæmt menntunarákvæði gerðardóms til allra án tillits til mats á menntun.

Tæpum tveimur árum eftir úrskurð gerðardóms og rúmu einu ári eftir að menntunarákvæði hans tók gildi er staða aðildarfélaganna 17 innan BHM að þorri félagsmanna þeirra hefur enn ekki fengið launahækkun byggða á menntunarákvæðinu en stéttir utan BHM og þær sem kjararáð úrskurðar um hafa allar notið þess án tillits til menntunar. Um þessa stöðu mætti hafa mörg orð en í stuttu máli má segja að hin málefnalega krafa um að meta háskólamenntun til launa hafi orðið hinu séríslenska höfrungahlaupi eftirminnilega að bráð.

Meðfylgjandi línurit sýnir glögg tveimur árum eftir úrskurð gerðardóms og rúmu einu ári eftir að menntunarákvæði hans tók gildi er staða aðildarfélaganna 17 innan BHM að þorri félagsmanna þeirra hefur enn ekki fengið launahækkun byggða á menntunarákvæðinu en stéttir utan BHM og þær sem kjararáð úrskurðar um hafa allar notið þess án tillits til menntunar. Um þessa stöðu mætti hafa mörg orð en í stuttu máli má segja að hin málefnalega krafa um að meta háskólamenntun til launa hafi orðið hinu séríslenska höfrungahlaupi eftirminnilega að bráð.



Mynd 2 - Gögn af vef fjármálaráðuneytisins sett í vísitölu 2006=100

## Komandi kjaraviðræður

Innan BHM undirbúa aðildarfélögin 17 komandi kjarasamningaviðræður af kappi. Kröfugerð liggur ekki fyrir og því ekki tímabært að upplýsa hvaða atriði aðildarfélögin munu leggja mesta áherslu á við samningaborðið. Fyrir utan kjarasamningsbundnar hækkanir blasir við að í viðræðunum þarf að tryggja að lágmarki eftirfarandi:

- Að allir félagsmenn BHM-17 sem rétt eiga á launahækkun samkvæmt menntunarákvæði gerðardómsfái hana.
- Að sérkröfur aðildarfélaganna komist á dagskrá.
- Að launasetning félagsmanna aðildarfélaganna BHM hjá fjölmörgum ríkisstofnunum, ekki síst í heilbrigðis- og menntunargeiranum, verði endurskoðuð. Sérstaklega þarf að huga að launasetningu félagsmanna aðildarfélaganna BHM á Landspítalanum.
- Eftirmál samkomulags um jöfnun lífeyrisréttinda á milli markaða eru mörg og mikilvæg. Staða nýrra opinberra starfsmanna í nýju lífeyriskerfi er þar forgangsmál.
- Samkomulaga Bandalags háskólamanna, BSRB og Kennarasambands Íslands, annars vegar, og fjármála- og efnahagsráðherra, f.h. ríkissjóðs, og Sambands íslenskra sveitarfélaga, hins vegar, um breytingar á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna, frá 19. september 2016

þarf að virða. Starf nefndar um launajöfnun á milli markaða, sbr. 7. gr. samkomulagsins, þarf að vera í samræmi við texta greinarinnar en þar segir: *Samráðshópurinn skal setja fram tillögur að áætlun um hvernig markmiðum um jöfnun launa skuli náð með útfærslu í kjarasamningum á 6-10 árum. Hópurinn skal einnig fylgja eftir framkvæmdinni.* Innan samráðshópsins eru aðilar ekki á einu máli um hvert hlutverk hans sé og það þarf að skýra.